

Starfsmenntunarsjóður BHM
Borgartúni 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 6.júní 2023

Efni: Fræðslu- og árshátíðarferð Samgöngustofu til Kaupmannahafnar

Dagana 28. september – 1. október nk. er fyrirhuguð fræðslu- og árshátíðarferð starfsfólks Samgöngustofu til Kaupmannahafnar. Fræðslan felst fyrst og fremst í heimsóknum til systurstofnananna Samgöngustofu í Danmörku en einnig verður fræðsla um netöryggi og heimsókn til sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn.

Hér að neðan má sjá dagskrá fræðsluferðar, fræðslan er rétt rúmlega átta klst. dreift á tvo daga:

Fimmtudagurinn 28. september

kl. 16:00 - 18:00 – 2 klst.

Heimsókn í **sendiráðið í Kaupmannahöfn** þar sem Árni Þór Sigurðsson sendiherra mun taka á móti hópnum og kynna vinnu sendiráðsins í Kaupmannahöfn með áherslu á samgöngumál borgarinnar og tengingar við Ísland og Samgöngustofu.

Föstudagurinn 29. september

Kl. 8:30 – Lagt af stað frá hóteli.

kl. 9:15 - 14:00 – 4 klst og 45 mín.

Heimsókn til **Trafikstyrelsen / Danish Civil Aviation and Railway Authority**, kynning á starfsemi Trafikstyrelsen, nánar sagt frá ákveðnum verkefnum hjá stofnuninni og samvinnu við EU. Einnig verður námskeið í netöryggi og störf netöryggisdeildar hjá Trafikstyrelsen kynnt.

Kl. 14:00 – 14:30 – hádegisverður

kl. 14:30 - 16:00 – 1,5 klst.

Heimsókn til danska samgönguráðuneytisins, **Danish Ministry of Transport**, þar sem þeirra stærstu verkefni og áherslur verða kynntar.

Samgöngustofa var búin að senda inn drög af dagskrá og fékk jákvæð viðbrögð frá stéttarfélaginu fyrr í vetur. Það er okkar von að starfsfólk okkar fái þessa dagskrá samþykka og fái að nýta styrk sinn úr starfsmenntunarsjóði.

Með von um jákvæða úrlausn.

Bestur kveðjur,



Ólöf Friðriksdóttir, mannauðsstjóri